

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. 2006

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga hf. haldinn að Ýdölum, 25. september, kl. 11:00.

Mættir voru fulltrúar frá 12 hluthöfum af 19, með 95,5% á bak við sig: Norðurbyggð, Byggðastofnun, Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis, Fræ ehf, Pingeyjarsveit, Aðaldælahreppur, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Hótel Reyhlið, Sparisjóður S.- Pingeyinga, Sparisjóður Þórshafnar.

1. Formaður félagsins, Björn Ingimarsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Starfsmenn fundarins

Fyrir fundinum lá tillaga um fundarstjóra, Ólínu Arnkelsdóttur, og fundarritara, Gunnar Jóhannesson. Aðrar tillögur komu ekki fram og voru þau því sjálfkjörin til þeirra starfa.

### 3. Skýrsla stjórnar

Björn Ingimarsson stjórnarformaður fór yfir samantekt úr skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum. Í máli hans kom m.a. fram að hluthafar AÐ eru 19. Stjórn félagsins hélt 9 stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi. Þrjú starfsmenn hafa sinnt grunnstarfsemi félagsins á starfsárinu, auk starfsfólks við sérverkefni, ýmist tímabundið eða yfir allt tímabilið.

Starfssvæði AÐ stækkaði á árinu með sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps í Langanesbyggð. Grunntekjur félagsins voru sem áður samkvæmt samningi við Byggðastofnun annars vegar og sveitarfélögin á starfssvæðinu hins vegar. Þetta dugir þó ekki til að standa undir öflugri starfsemi og svara þörfum og aðstæðum á starfssvæðinu. Því þurfti að afla verulegra sérteknna. Margir verkefnasamningar voru í gildi vegna ýmissa verkefna, auk þess sérstakt styrktarverkefni með fyrirtækjum og stéttarfélögum á svæðinu.

Með aukinni áherslu AÐ á svæðisbundin verkefni, nýtingu auðlinda í þágu héraðsins, þátttöku í alþjóðasamstarfi, stefnumótun, útgáfu kynningarefnis og aðkomu að markaðssetningu svæðisins, hefur verkefnaflóran eðlilega breyst. Meira er um það nú en áður að félagið hafi frumkvæði að álitlegum verkefnum t.d. með því að stuðla að samstarfi, greiningu og nýtingu nýrra tækifæra, og markvissari kynningu. Með þessu er verið að reyna að skapa betri farveg og möguleika fyrir fyrirtæki, þjónustu og uppgang viðkomandi svæðis eða héraðsins í heild.

Á starfsárinu voru 95 verkefni skráð á einhverju vinnslustigi. Fjöldi verkefna hefur aukist frá fyrri árum auk þess sem umfang nokkurra stærstu verkefnanna er verulegt. Þátttaka AÐ í alþjóðlegum verkefnum hefur verið umtalsverður þáttur í starfsemi á undanförunum misserum. Á undanförunum misserum hefur verið unnið að nokkrum kynningarverkefnum m.a. með útgáfu á bæklingum og þátttöku í sýningum.

Ársreikningur AÐ fyrir 2005 sýnir umtalsvert meiri umsvif en árið áður og er skýringanna fyrst og fremst að leita til umfangsmikilla sérverkefna.

Á síðasta ári lagði stjórn og starfsfólk AÐ vinnu í stefnumótun félagsins. Niðurstaða þeirrar vinnu er nú kynnt sem hluti af ársskýrslunni.

Stjórnarformaðurinn lauk máli sínu með því ræða um undirbúning stóriðju við Húsavík sem hefur verið og mun verða veigamikill þáttur í starfsemi AÐ á næstu árum. *“Þó að vænta meg mjög jákvæðra áhrifa af tilkomu stóriðju við Húsavík, á bæði atvinnulíf og búsetuskilyrði á svæðinu, verðum við að halda vöku okkar gagnvart því að áfram verður þörf á nýsköpun í atvinnulífinu, hlúa þarf að sprotafyrirtækjum og vinna nýjum hugmyndum brautargengi. Einnig ber að hafa í huga að þessi þróun kann að hafa neikvæð áhrif á þau svæði sem lengst liggja frá Húsavík, sé ekki hugað að slíku í tíma. Það er m.a. vegna þessa sem gerð vaxtarsamnings fyrir Pingeyjarsýslur er mikilvæg því þar á að geta skapast öflugt verkfæri til*

*að undirbúa og efla samfélagið á öllu svæðinu samfara þeirri miklu uppbyggingu sem framundan er við Húsavík.”*

#### **4. Reikningar félagsins fyrir árið 2005**

Tryggvi Finnsson framkvæmdastjóri fór yfir reikninga félagsins sem áritaðir hafa verið af löggiltum endurskoðanda félagsins, PricewaterhouseCoopers hf - Birni St. Haraldssyni.

Helstu niðurstöður reikninganna eru:

Rekstrartekjur .....	45.135.222
Rekstrargjöld .....	(46.061.361)
Fjármagnsliðir.....	(124.623)
Tap ársins.....	(1.050.762)
Fastafjármunir .....	442.765
Veltufjármunir .....	7.958.466
Eigið fé .....	(857.908)
Skuldir .....	9.259.139
Niðurstaða efnahagsreiknings.....	8.401.231

#### **Umræður um skýrslu og reikninga:**

Bergur Elías Ágústsson spurðist fyrir um eignarhald AP í öðrum félögum og framlög stjórnvalda í gegnum samning AP við Byggðastofnun. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður svöruðu þessu.

*Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.*

#### **5. Ráðstöfun hagnaðar/taps.**

Vísað er til afgreiðslu ársreiknings þar sem tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins.

#### **6. Kosning stjórnar.**

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur.

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson  
Bergur Elías Ágústsson  
Björn Ingimarsson  
Guðmundur Guðmundsson  
Pétur Snæbjörnsson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn.*

Varastjórn:

Daníel Árnason  
Haraldur Bóasson

*Fleiri tillögur komu ekki fram og eru ofanritaðir því sjálfkjörnir í varastjórn.*

## 7. Kosning endurskoðanda

Fyrir fundinum lá tillaga um að löggiltur endurskoðandi félagsins verði kjörinn PricewaterhouseCoopers hf – Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.

*Fleiri tillögur komu ekki fram og þessir aðilar því sjálfkjörnir.*

## 8. Þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 30.000 fyrir starfsárið, og til stjórnarformanns kr. 60.000. Þóknun til endurskoðanda verður samkvæmt reikningi.

*Engar aðrar tillögur komu fram og þessi tillaga samþykkt.*

## 9. Önnur mál.

- a) Guðmundur E. Lárusson kom inn á nýtingu orkuauðlinda til hagsbóta fyrir þetta svæði m.a. í tilefni af nýlega fram komnum hugmyndum í fjölmiðlum.

Eftir stutta umræðu var eftirfarandi samþykkt.

*“Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 2006 áréttar fyrri samþykktir um að orkuauðlindir í Þingeyjarsýslu verði nýttar til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.”*

- b) Bergur Elías Ágústsson ræddi um vaxtarsamninga, taldi mikilvægt að ná slíkum samningi fyrir þetta svæði. Tryggvi Finnsson tók undir þetta og fór stuttlega yfir hvað gert hefur verið í málinu.

Engin fleiri mál komu fram undir þessum lið.

Björn Ingimarsson þakkaði fundarmönnum, starfsmönnum og Helga Kristjánssyni, fráfarandi stjórnarmanni, færði hann sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og sleit síðan fundi.

.....

**Í upphafi Málþings AP, sem bar að þessu sinni yfirskriftina “Orkan er aflið”, var Meðferðarheimilinu í Árbót veitt Hvatningarverðlaun 2006.**